

Safnaðarblað Akraneskirku

Mars 2006 - 1. tbl. 7. árg.





Prófastur vísiterar Akranessöfnuð

Prófastur Borgfirðinga, sr. Þorbjörn Hlynur Árnason, vísiteraði Akranessöfnuð sunnudaginn 26. febrúar sl. Með honum í för var eiginkona hans, Anna Guðmundsdóttir.

Prófastur er tilsjónarmaður biskups. Hann hefur m.a. eftirlit með kirkjueignum og safnaðarstarfi í prófastsdæmi sínu. Síðast vísiteraði prófastur Akranessöfnuð fyrir 20 árum. Það var í embættistíð sr. Jóns E. Einarssonar, þáverandi prófests.

Sr. Þorbjörn Hlynur prédikaði í guðsþjónustu á Höfða og í hátíðarguðsþjónustu í Akraneskkirkju.

Sóknarprestur þjónaði fyrir altari. Kirkjukór Akraness söng en Friðrik Vignir Stefánsson lék á orgelið. Að guðsþjónustu lokinni var öllum kirkjugestum boðið til kaffiveislu í Safnaðarheimilinu Vinaminni. Prófastur fundaði síðan með sóknarpresti og sóknarnefnd Akraneskkirkju. Kom þar fram mikil ánægja með öll samskipti og samstarf sóknarnefndar, sóknarprests og starfsfólks kirkjunnar.

Alfa-námskeið stendur yfir

Nú stendur yfir nýtt Alfa-námskeið í Akraneskkirkju. Þar er fjallað um grundvallaratriði kristinnar trúar á mjög áhugaverðan og auðskilinn hátt. Námskeiðið er haldið á miðvikudagskvöldum í Safnaðarheimilinu Vinaminni.

Á annan tug fólks sækir Alfa-námskeiðið að þessu sinni. Leiðbeinandi er Halldór Lárusson. Hver samverustund hefst með léttum kvöldverði. Áhersla er lögð á að efla kynni og skapa gott samfélag á meðal þátttakenda. Alfa-námskeið þessi hafa farið sigurför víða um heim.

Myndir á forsiðu

Talið að ofan, frá vinstri:

- 1) Helga S. Ásgeirsdóttir, dómari í árlegri knattspyrnukeppni starfsfólks Akraneskkirkju og fermingarbarna.
- 2) Jónatan Pálsson málameistari að störfum í kirkjunni sl. sumar.
- 3) Sigurbjörg Prastardóttir, blaðamaður og rithöfundur, var ræðumaður aðventuhátíðar 2005.
- 4) Svipmynd úr T.T.T., 10 til 12 ára starfínu.
- 5) Fermingarstúlkur á leið á árlegt fermingarbarnanámsskeið í Skálholti.
- 6) Frá samverustund eldri borgara í safnaðarheimilinu Vinaminni. Fremstar eru þar Ingibjörg Ólafsdóttir og Ragnheiður Guðbjartsdóttir.
- 7) Frá fermingarnámsskeiði í Skálholti.

Kæri lesandi

Ástarfsvettvangi Akraneskkirkju er mikið um að vera. Á síðasta ári, svo dæmi sé tekið, sóttu 30 þúsund manns helgihald af ýmsu tagi, að útförum meðtöldum. Álíka margir sóttu samkomur í Safnaðarheimilinu Vinaminni, svo sem fyrirlestra, námskeið, tónleika, opið hús og erfidrykkjur.

Safnaðarblað Akraneskkirkju kemur nú út í 7. sinn á jafnmörgum árum. Tilgangurinn með útgáfu þess er að kynna hluta af því viðburðaríka starfi sem fer fram í söfnuðinum.

Vonum við að þú njótir þess að lesa blaðið og það efli trú þína og glæði áhuga þinn á helgihaldi og félagsstarfi í Akranessöfnuði!

Safnaðarblað Akraneskkirkju

1. tölublað 7. árg. Mars 2006.

Útgefandi: Akranessókn.

Umsjón: Eðvarð Ingólfsson (ábm), Indriði Valdimarsson.

Prentun: Prentverk Akraness hf.

Gefið út í 2500 eintökum.

Sóknarnefnd:

Þjóðbjörn Hannesson, formaður. Jóhannes Ingibjartsson, ritari. Brynja Einarisdóttir, Hörður Pálsson, Ingimar Magnússon, Magnús Oddsson, Sigríður Kr. Valdimarsdóttir, Sigríður Skúladóttir, Ragnheiður Grímsdóttir, Þóra Björk Kristinsdóttir.

Ljósmyndir af fermingarbörnum: Myndsmiðjan.

Efnisyfirlit

Hugleiðing sóknarprests	3
Þjóðhátíðarræða	4
Hjónavígslur 2005	6
Félagsstarf eldri borgara	7
Skemmtilegt kórastarf	8
Endurbætur í Akraneskkirkju ..	9
Unga fólkið og kirkjan	10
Myndir af fermingarbörnum .	10
Fermingarbörn á Akranesi árið 2006 – nafnalisti	14

Eðvarð Ingólfsson sóknarprestur:

Að sjá sólargeislana

Mörgum þykir miskunnsemi og kærleikur vera á undanhaldi í samtímanum. Samfélag okkar hefur breyst mikið á síðustu áratugum. Í fjölhyggjuþjóðfélagi, þar sem lífsgildi og markmið eru ekki skýr, þar sem ekki ríkir einhugur um að hverju skal stefnt með lífi manns og þjóðar, er hætt við að ýmislegt fari úr böndunum.

Margir bera ugg og kvíða í brjósti gagnvart framtíðinni og ekki að ástæðulausu. Fréttir af hryðjuverkum og styrjaldaráttökum varpa þungum skugga yfir líf í heimi. Í sjálfu sér eru það ekki nýjar fréttir að þjóðir eða hópar einstaklinga takist á og úthelli blóði – en nú á dögum er hertæknin slík að þeir sem ráða yfir henni geta valdið gríðarlegu tjóni. Einnig hefur það mikil áhrif á framtíðarsýn að við fáum fréttir af ógnarverkum beint í æð. Hægt er að fylgjast með styrjöldum í beinni útsendingu í sjónvarpinu ef því er að skipta.

Heimurinn, sem við lifum í, er að mörgu leyti sjúkur vegna þess að margt fólk leyfir ekki Guði, þeim kærleiksríka Guði sem Jesús

birtir okkur, að komast að í lífi sínu. Sumt fólk er ekki tilbúið til að lána Guði hendur sínar og fætur, höfuð sitt og tungu, til þess að gera þennan heim betri en hann er.

Tilgangurinn með hryðjuverkum er að valda sem mestri skelfingu og mestum hremmingum. Sá sem fremur voðaverk vill skelfa, vekja ótta, hann vill ræna okkur hamingjunni, dýrðinni, lífsviljanum, hann vill gera myrkur þar sem er bjart, kalt þar sem hlýtt. Okkur ber vissulega að bregðast við, – okkur ber að fordæma hið illa og verjast því – en við megum alls ekki láta það ná tökum á okkur. Við megum aldrei þreystast á því að lofa hið góða og vera sjálf góðar fyrirmyndir. Það er andsvar kristinna manna við bölinu.

Við verðum enn að horfast í augu við það að veröldin er ekki hreint svið Guðs dýrðar, heldur baráttusvæði, þar sem eigast við Guð og andstæðingur hans. Huggun okkar er sú að Guð mun sigra hið illa, alla vonsku og allt böll, í fyllingu tímans. Það segir Biblían



okkur. Og þá mun ríkja eilíf gleði, kærleikur, hamingja og réttlæti.

Þess vegna skulum við ekki hafa áhyggjur af framtíðinni. Treystum Guði! Verum ekki svo bundin af fréttum af skelfingum og ógnunum að við hættum að sjá þá mörgu sólargeisla, þau mörgu gleðiefni, stór og smá, sem eru allt í kringum okkur. Látum ekki illskuna skyggja á fegurð lífsins.

Megi öll voðaverk í veröldinni, hverju nafni sem þau nefnast, verða til þess að hvetja okkur, kristið fólk, til að halda okkur fast við trúna og standa vörð um það sem fagurt er og gott, elska hið góða og framkvæma það. Ef við berum kristin áhrif út í heiminn þá fegrum við hann og eyðum áhrifum hins illa. Látum heiminn sjá að við séum sannkölluð Guðsbörn!



Fermingarbörn söfnuðu vel

Fermingarbörn á Akranesi stóðu að árlegri söfnun handa fátækum í Afríku nú í byrjun vetrar. Þetta átak þeirra er liður í fermingarstarfinu. Með þessu móti gefst þeim tækifæri til að meðtaka boðskap Krists um náungakærleika á áþreifanlegan hátt og skynja kraft sinn til þess að breyta rétt og hafa áhrif.

Að þessu sinni söfnuðust 320 þús. krónur. Þeim fjármunum var komið til Hjálparstarfs kirkjunnar.

Máni Atlason nýstúdent:

Mikilvægt að hlúa að móðurmálinu!

Hátíðaræða í Akraneskirkerju 17. júní 2005



Góðan dag, góðir kirkjugestir, og gleðilegan þjóðhátíðardag.

Í dag höldum við upp á afmælisdag aðalhetju sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og fögnum því um leið að Íslendingar eru sjálfstæð þjóð. Og það er ekki nóg með að við séum sjálfstæð þjóð, mér skilst að við séum líka besta þjóð í heimi. Hér er best að búa, besta vatnið, fallegasta fólkið, engin fátækt o.s.frv. Íslendingar eiga sterkustu karlana, glæsilegustu konurnar og fallegasta tungumálið. Við höfum meira að segja unnið heimsmeistara Frakka í fótboltaleik, eitt-eitt.

Jæja, þetta eru nú kannski ýkjur. Engu að síður er það nú einu sinni þannig að Íslendingar hafa margar góðar ástæður fyrir því að vera stoltir af þjóðerni sínu. Við erum þjóð sem hefur aldrei farið með vopnvaldi gegn öðrum þjóðum. Hvort sem þetta er vegna hernaðarlegs vanmáttar eða af öðrum ástæðum þá er það hlutskipti eitthvað sem við getum verið stolt af. Við getum verið stolt af friðinum og við getum líka verið stolt af ótal mörgu öðru í landsháttum og menningu; Alþingi og Latabæ, Þingvöllum og Gullfossi, Passíusálmunum og Íslendingasögunum, nóbelskaldi og Ragga Bjarna.

Menningararfur Íslendinga er ríkulegur og fjölbreyttur. Hann var auðvitað sterkustu rök Íslendinga fyrir því að fá sjálfstæði í deilunum við Dani. Það var einfaldlega of erfitt að koma með haldbær

rök gegn því að Íslendingar væru ein þjóð sem ætti skilið að fá sjálfstæði þegar Íslendingar áttu eigin menningararf og eigið móðurmál. Menningararfur okkar felst einkum í bókmenntum, við eigum fá glæsileg málverk, engar rústir eða leifar kastala og halla, aðeins þær bækur sem segja sögu þjóðarinnar frá upphafi. Þess vegna er íslensk tunga lykillinn að fjársjóðageymslunni okkar: Við erum svo heppin að geta enn lesið fróðleik sem festur var á skinn fyrir mörg hundruð árum af því tungan hefur varðveist svo vel.

En staða íslenskunnar var orðin ugðvænleg í byrjun 19. aldar. Þá þótti finna að tala dönsku en tala íslensku. Ég fæ reyndar ekki séð hvað er fínt við að tala eins og maður sé með heita kartöflu uppí sér, en það þótti engu að síður fínt á íslenskum heimilum í gamla daga. Sem betur fer voru vel gefnir menn uppi, danskir og íslenskir, sem sáu að danskan var farin að ógna okkar ástkæru ylhýru íslensku, svo að þeir hófust handa við þjóðernisvakningu Íslendinga, m.a. með því að gefa út tímarit á íslensku og hvetja fólk til að nota íslenskuna frekar en dönskuna. Það tókst á sínum tíma.

Stöndum vörð um sjálfstæðið!

Nú á tímum er íslenskunni ekki beint ógnað. En hún hefur þó fengið aukna samkeppni, með tilkomu sjónvarps á fimmtudögum

og jafnvel á fleiri en einni stöð. Úr fjölmiðlum og af internetinu innbyrðir fólk, og þá sérstaklega ungt fólk, sífellt meiri útlensku. Krakkar læra orðið ensku af sjónvarpi og vefrápi. Þau lesa ensku, skrifa ensku og hlusta endalaust á ensk popp-, rokk- eða rapplög. Ég held því að það sé mikilvægt núna að gæta þess að yngri hluti þjóðfélagsins leggi rækt við íslenskuna. Því að sterkasta sameiningarafl þjóðar er tungumálið. Sem betur fer eigum við Íslendingar okkar hetjur nútímans, sem halda íslenskunni á lofti, t.d. rithöfundar á borð við Þórarín Eldjárn og Eðvarð Ingólfsson.

Það er mikilvægt að passa vel upp á sjálfstæði og sérstöðu íslenskrar þjóðar af ýmsum ástæðum. Það er gott að vera sjálfstæð þjóð, ekki bara til þess að geta sagst vera sömu þjóðar og Gunnar á Hlíðarenda og Björk, heldur miklu fremur til að þjóðin geti lært að standa á eigin fótum. Þegar Íslendingar hættu að vera óaðskiljanlegur hluti Danaveldis þá þurftu þeir loksins að bera ábyrgð á eigin málum sjálfir. Það er varasamt að treysta á að stór herraþjóð gæti okkar. Það er einfaldlega of stuttur vegur frá ósjálfstæði að ábyrgðarleysi. Þegar Íslendingar fengu sjálfstæði þá var þeim ekki aðeins veitt frelsi heldur einnig mikil ábyrgð. Þessa ábyrgð verðum við að axla sjálf, það er enginn stórþjóðarpilsfaldur til að hlaupa undir, sem bet-

ur fer. Við Íslendingar höfum sýnt að okkur var vel treystandi fyrir því að stjórna eigin málum sjálfir, og gífurlega miklar framfarir hafa orðið í okkar þjóðfélagi síðan við fengum sjálfstæði. Fólki blómstrar ekki virkilega fyrir en það fær að bera ábyrgð sjálft.

Sömu sögu er að segja af okkur útskriftarnemunum. Eftir að fólki útskrifast úr fjölbraut hér á Akranesi þá fer loksins að styttest í að það flytji að heiman. Það á a.m.k. við um velflesta, sjálfur hef ég hins vegar hugsað mér að haga mér eins og Færeingar í samskiptum við Danmörku og búa undir verndarvæng foreldranna vel fram á ferugsaldurinn. En við aðra útskriftarnema, og alla Íslendinga, segi ég hins vegar: Við erum heppin að fá að bera ábyrgð á eigin málum. Þá getum við sýnt hvað í okkur býr.

Við skulum muna að allt er best í hófi. Það má vera montinn af þjóðerni sínu á 17. júní og jafnvel svolítið montinn þann 1. desember, en þess á milli er best að vera hæfilega stoltur, enda erum við ekki sjálfstæð þjóð til að monta okkur af Jóni Páli og Halldóri Laxness, heldur til að bera sjálf ábyrgð á hvort okkur farnast vel eða illa. Verum því montin í dag og verum glöð.

Takk fyrir mig!


Fyrirbænaundir á fimmtudögum

Fyrirbænaund er í Akraneskirky í hádeginu á fimmtudögum. Beðið er fyrir sjúkum og sorgmæddum. Lesin eru ritningarorð og þáttakendur tendra kertaljós með bænarefni í huga. Leikið er á orgel kirkjunnar. Þetta er notaðleg helgistund sem tekur aðeins 15-20 mínútur. Þáttakendum er boðið í léttan málsverð í safnaðarheimilinu á eftir. Fyrirbænaundir þessar hafa verið vel sóttar í vetur. – Fyrirbænaefnum skal komið á framfæri við sóknarprest.

Myndir úr ýmsum áttum



Stekkjastaur á jólatrésskemmtun sunnudagaskólabarna í safnaðarheimilinu 12. desember sl. Hann gladdi þau með gjöfum.



Hilmar Örn Agnarsson, organisti í Skálholti, fræðir fermingarbörn frá Akranesi um kirkjutónskáldin á námskeiði í fyrrahaust.



Góðir gestir frá Eþíópíu heimsóttu fermingarbörnin fyrir í vetur í tilefni af fjárförðun handa fátækum í Afríku.



Föndrað með langömmu í sunnudagaskólanum.

Hjónavígslur í Garðaprestakalli 2005

15. jan.: Sigurður Már Guðmundsson og Indiana Unnarsdóttir, Háteigi 2.
5. mars: Sigmar Svavarsson og Valborg Reisenhus, Lautarsmára 26, Kópavogi.
12. mars: Björn Gunnar Pálsson og Ásta Hrönn Jónsdóttir, Mánabraut 5.
23. apríl: Bergþór Smárason og Birgitta Þórey Bergsdóttir, Brekkubraut 31.
7. maí: Jón Sólmundsson og Sigurbirna Ágústsdóttir, Stíllholti 8.
3. júní: Reynir Leósson og Katrín Rós Baldursdóttir, Vesturgötu 32.
4. júní: Kristinn Friðriksson og Þóra Jónína Björgvinsdóttir, Vesturbergi 52, Reykjavík.
4. júní: Lárus Hjaltsted og Dóra Björk Scott, Furugrund 10.
4. júní: Bergur Magnús Guðbjörnsson og Oddný Guðmundsdóttir, Reynigrund 47.
8. júlí: Sigurður Kristinn Helgason og Ulrike Ramundt, Garðabraut 3.
9. júlí: Ólafur Bjarni Ármannsson og Kristín Helga Ragnarsdóttir, Krókatúni 14.
9. júlí: Þorgrímur Vídalín Guðbjartsson og Berglind Þráinsdóttir, Ásabraut 7.
16. júlí: Kristinn Þór Kristinsson og Hafrún Ebba Gestsdóttir, Vesturgötu 78b.
23. júlí: Sigmundur Ingvar Svansson og Anna Valdís Kristmundsdóttir, Esjubraut 23.
23. júlí: Örn Gunnarsson og Helga Rún Guðmundsdóttir, Grenigrund 5.
3. ágúst: Eiríkur Ingvarsson og Elísabet Hildur Haraldsdóttir, Höfðabraut 2.
6. ágúst: Magnús Hilmir Magnússon og Guðrún Elsa Gunnarsdóttir, Víðigrund 9.
11. ágúst: Jón Þór Þorgeirsson og Vilborg Helgadóttir, Jörundarholti 133.
3. sept.: Grettir Ásmundur Hákonarson og Kristín Ragnarsdóttir, Garðabraut 2a.
3. sept.: Guðjón Heiðar Sveinsson og Ólöf Inga Guðbrandsdóttir, Einigrund 8.
3. sept.: Óskar Rafn Þorsteinsson og Sigurbjörg Helga Sæmundsdóttir, Suðurgötu 17.
17. sept.: Sveinn Ragnar Jörundsson og Valdís Sigurðardóttir, Vesturgötu 113.
8. okt.: Kjartan Valdimarsson og Þóra Guðrún Grímsdóttir, Vallholti 11.
5. nóv.: Sigurður Óskar Guðmundsson og Ólöf Inga Birgisdóttir, Höfðabraut 12.
18. des.: Eyþór Stanley Eyþórsson og Sigríður Ingi-björg Björnsdóttir, Einigrund 11.
31. des.: Kristinn Hallur Sveinsson og Margrét Rós Jósefsdóttir, Einigrund 9.

93 börn fermd í vor

Fermingar eru framundan. Sumir segja að fermingarbörnin séu vorboðar ekki síður en lóan. Rúmlega 90 ungmenni verða fermd í Akraneskirky nú á vordögum í 7 athöfnum. Fyrsti hópurinn verður fermdur sunnudaginn 19. mars, kl. 14. Næstu þrjá sunnudaga á eftir verða tvær athafnir á dag, fyrir og eftir hádegi.



Úr fermingartíma. Verið að semja þakkarbæn.

Fjögur fermingarbörn koma langt að til að láta ferma sig; tvær stúlkur frá Laugum í Sælingsdal, drengur úr Reykjavík en lengst að kemur stúlka – frá New York í Bandaríkjunum!

Safnaðarstarf Akraneskirky veturinn 2005-2006

Börn og ungmenni:

- Sunnudagaskóli kl. 11.
- Starf fyrir 7-9 ára börn á miðvikudögum kl. 15.
- TTT-starf (fyrir 10-12 ára) á mánudögum kl. 17.30.
- Æskulýðsfélag. Fundað á mánudögum kl. 20.
- Fermingarstarf á miðvikudögum og fimmtudögum.
- Barnakór (10 ára og yngri).
- Stúlnakór (11-16 ára).

Fullorðnir:

- Samverur fyrir foreldra ungbara á miðvikudagsmorgnum.
- Félagsstarf fyrir eldri borgara annan fimmtudag í hverjum mánuði.
- Alfa-námskeið er nú í gangi. 10 miðvikudagskvöld í röð.
- Kirkjukór Akraness æfir á þriðjudögum og fimmtudögum.

Hefðbundið helgihald:

- Messað í Akraneskirky hvern helgan dag.
- Messað á Dvalarheimilinu Höfða einu sinni í mánuði.
- Messað á Sjúkrahúsi Akraness á stórhátíðum.
- Fyrirbæstundir í hádeginu á fimmtudögum.

Frábær þátttaka í félagsstarfi eldri borgara

Annan fimmtudag í hverjum mánuði yfir vetrartímann er opið hús fyrir eldri borgara í Safnaðarheimilinu Vinaminni. Þessar samkomur eru afar vel sóttar – svo ekki sé meira sagt! Í vetur hafa komið yfir 100 manns hverju sinni. Fyrst er spiluð félagsvist eða bingó, síðan gert kaffihlé, þá flutt

hugvekja og bæn – og eftir það er létt dagskrá í tali og tónum.

Sérstakir gestir í opnu húsi í vetur hafa verið m.a. þeir Ragnar Bjarnason, dægurlagasöngvari, Árni Grétar Finnsson, hæstaréttarlögmaður, og Helgi Seljan, fyrrv. alþingismaður. Félagsskapur eldri borgara í Bústaðakirkju, 80



manns, heimsótti okkur í síðasta mánuði.

Myndirnar hér á síðunni tala sínu máli. Þær voru teknar bæði í vetur og fyrravetur.



Sveinn Arnar Sæmundsson söngstjóri og organisti:

Skemmtilegt kórastarf fyrir fólk á öllum aldri

Við Akraneskirkyu eru starfandi þrír kórar: Barnakór, Stúlnakór og Kirkjukór. Starfið er í miklum blóma um þessar mundir. Barnakórinn er skipaður hressum krökkum og æfir á mánudögum. Aldur þeirra miðast við 1. til 4. bekk. Að jafnaði eru 15 krakkar á æfingunum og er glatt á hjalla, sungið og farið í leiki.

Stúlnakórinn er skipaður stúlkum frá 5. bekk uppí 10. bekk. Reyndar er ein í kórnum komin í framhaldsskóla. Kórinn æfir á föstudögum kl. 16:45 og er þetta kannski ekki heppilegasti tíminn en hann hefur samt hentað okkur best. Stelpurnar hafa séð um sönginn í fjölskylduguðspjónustum og staðið sig þar með stakri þryði, einbeittar og áhugasamar. Stefnan er að halda litla tónleika á vordögum með fjölbreyttri tónlist.

Starf kirkjukórsins er öflugt. Kórinn telur nú 40 félag. Honum er deilt í þrjá hópa sem skiptast á að syngja við guðspjónustur. Á hátíðum og við fermingar er kórinn tvískiptur, þá er talað um svokallaða „hátíðarkóra“.

Í október sl. hélt kórinn Kaffihúsakvöld fyrir fullu húsi. Skemmtikvöld með kaffihlaðborði sem kórfélagar göldruðu fram. Jólatónleikarnir voru haldnir með pompi og prakt þann 11. desember. Þar var boðið upp á jólatónlist í nýjum og ferskum útsetningum. Við fengum til liðs við okkur litla hljómsveit sem sá um undirleikinn. Útsett var jólagasyrpa fyrir kórinn og það gerði sá ágæti maður, Skarphéðinn Hjartarson, sem



Sveinn Arnar ásamt barnakórnum.

einnig lék á píanó með hljómsveitinni. Einsöng sungu þeir Sigursteinn Hákonarson, Þorleifur Örnólfsson og Karl Örn Karlsson. Gerðu það af snilld! Tónleikarnir heppnuðust frábærlega og var fullt út úr dyrum. Sennilega hafa verið um 200 manns í húsinu. Þess má til gamans geta að Ómar Ragnarsen mætti á svæðið. Hann átti eitt laganna sem við sungum á tónleikunum, gullfallett lag sem hann samdi við texta vinar síns, Gísla frá Uppsölum. Ómar stóð upp og kynnti lagið sjálfur og var virkilega ánægður með flutninginn. Lagið hafði hann ekki heyrt áður í kórþúningi. Mátti sjá „tár blika á hvarmi“.

Sönglistin er gefandi og kórfélagar taka starf sitt alvarlega og vinna gott starf við kirkjuna. Fjölbreytnin í verkefnavali er mikil og það má segja að allir tónlistarstílar

komi við sögu hjá kórnum. Nú er verið að æfa fyrir fermingar og vortónleika.

Vortónleikar

Vortónleikarnir verða haldnir þann 21. apríl n.k. Þeir verða stórir í sniðum. Sungin verða íslensk ættjarðar- og alþýðulög auk þess sem reynt verður við fræga óperukóra. Á þessum tónleikum koma fram með kórnum þau Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú), Auður Guðjohnsen og Óskar Pétursson. Þannig að nýtt sumar verður sungið inn með miklum glæsibrag. Söngstarfið er því í miklum blóma eins og ég hef áður minnst á. Miklið af nýju, góðu fólki hefur komið í kórinn undanfarin ár og metnaður til að gera vel er mikill. Þess vegna er tilhlökkunarefni að mæta á æfingar.

Miklar endurbætur í Akraneskirky

Í fyrrasumar voru gerðar miklar endurbætur innandyrna í kirkjunni. Ofnalögnin var endurnýjuð, bekkjunum breytt lítillega og þeir bólstraðir á ný, gólfíð slípað og lakkað, skipt um teppi og svarta plussið á knéfallinu við grátturnar endurnýjað.

Þá má geta þess að skipt var um útidyrhurð. Gamla hurðin var orðin gersamlega ónýt og hélt hvorki vatni né vindum. Magnús H. Ólafsson arkitekt teiknaði nýju hurðina en Landsbanki Íslands

styrkti kirkjuna rausnarlega vegna smíði hennar.

Framkvæmdir í kirkjugarðinum

Haustið 2004 var samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir kirkjugarðinn. Síðastliðið sumar hófust framkvæmdir við fyrsta áfangann en gert er ráð fyrir að þær standi yfir í nokkur ár.



Þjóðbjörn, formaður sóknarnefndar, og Jónatan málari.



Sigurður og Atli hjá Trésmiðju Þráins E. Gíslasonar unnu, ásamt fleirum, við að breyta bekkjunum. Hér eru þeir að hefst handa.



Slípun og lökkun.

Grundaskóli lánaði stóla á meðan verið var að endurnýja bekkina.



Teppalögn fyrir framan altari.



Ágústi Eyjólfsson hjá Trésmiðjunni Akri sá um smíði nýrrar útidyrhurðar.




Fyrsti áfangi framkvæmda í kirkjugarðinum.

Unga fólkið og kirkjan

Akraneskirky reynir að sinna ungu kynslóðinni eins og kostur er. Foreldrum ungbarna er boðið til samveru á miðvikudags-

morgnum. Þar gefst þeim kostur á að hittast og kynnast – í faðmi kirkjunnar sem biður fyrir börnunum þeirra. Stundum er boðið



Halldór Lárusson.



Berglind Gunnarsdóttir

upp á fræðslu. Umsjón hefur Berglind Gunnarsdóttir.

Sunnudagaskólinn er ætlaður börnum frá 3ja ára til 6 ára aldurs. Síðan er boðið upp á félagsstarf fyrir 7 til 9 ára, 10 til 12 ára, og æskulýðsfélag fyrir 13 til 16 ára. Leiðtogi í barna- og æskulýðsstarfinu er Halldór Lárusson. Það starf er unnið í samvinnu við KFUM og K á Akranesi sem sér um að útvega leiðtoga og hýsir starfseminu að nokkru leyti. Á annað hundrað börn og unglingar sækja félagsstarf kirkjunnar í viku hverri.



Fermingarbörn í Akraneskirky sunnudaginn 20. mars 2005 kl. 10:30. Með þeim á myndinni eru sr. Eðvarð Ingólfsson, sóknarprestur, sem fermdi og sr. Björn Jónsson, fyrrv. sóknarprestur, sem aðstoðaði við útteilingu altarissakramentis.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 20. mars 2005 kl. 14.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 3. apríl 2005 kl. 10:30.



Fermingarbörn í Akraneskirky sunnudaginn 3. apríl 2005 kl. 14.



Fermingarbörn í Akraneskirky sunnudaginn 10. apríl 2005 kl. 10:30.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 10. apríl 2005 kl. 14.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 17. apríl 2005 kl. 14:00.

Fermingarbörn á Akranesi 2006

Sunnudagur 19. mars, kl. 14

Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Lerkigrund 4.
(For.: Ágústa Rósa Andrésdóttir og Hörður Svavarsson)
Andri Gústavsson, Jörundarholti 196.
(For.: Droplaug Einarsdóttir og Gústav Adolf Karlsson)
Eggert Kári Karlsson, Heiðarbraut 45.
(For.: Sigríður Huld Garðarsdóttir og Karl Eggertsson)
Eiríkur Bergmann Henn, Garðabraut 18.
(For.: Laufey Sigurðardóttir og Michael Edward Henn)
Guðrún Þórbjörg Sturlaugsdóttir, Bjarkargrund 30.
(For.: Jóhanna Hugufrún Hallsdóttir og Sturlaugur Sturlaugsson)
Hilmar Þór Símonarson, Sunnubraut 10.
(For.: Ingibjörg Vigdís Sigurðardóttir og Símon Hreinsson. Fósturf.: Ari Benediktsson)
Karen Ósk Guðlaugsdóttir, Jörundarholti 150.
(For.: Heiða Viðarsdóttir og Guðlaugur Örn Guðbergsson. Fósturf.: Kristján Kristjánsson)
Kristín Inga Karlsdóttir, Jörundarholti 222.
(For.: Sigrún Vigdís Gylfadóttir og Karl Ingi Sveinsson)
Lárus Beck Björgvinsson, Vesturgötu 143.
(For.: Rannveig Lárusdóttir og Björgvin Pálmason. Fósturf.: Guðmundur E. Björnsson)
Lóa Guðrún Gísladóttir, Einigrund 11.
(For.: Margrét Berglind Ólafsdóttir og Gísli Geirsson)
Marianna Filipa Cabrita, Jaðarsbraut 3.
(For.: Ingunn Hallgrímsdóttir og João Paulo Filipe Cabrita)
Ólöf Eir Jónsdóttir, Laugavöllum, 371 Búðardalur.
(For.: Nína Borg Reynisdóttir og Jón Örn Arnarson)
Páll Sindri Einarsson, Skagabraut 23.
(For.: Lovísa Eva Barðadóttir og Einar Árni Pálsson)
Róbert Sigurjónsson, Jörundarholti 210.
(Móðir: Edda Björk Ársælsdóttir. Fósturf.: Ólafur Sigurðsson)
Sigurjón Guðmundsson, Krókatúni 18.
(For.: Sigurlína Guðrún Júlíusdóttir og Guðmundur Páll Jónsson)
Svava Björk Hölludóttir, Tindaflöt 1.
(For.: Halla Böðvarsdóttir og Lárus Jóhann Guðjónsson)

Sunnudagur 26. mars, kl. 10.30

Arnar Þór Ólason, Jörundarholti 136.
(For.: Guðrún Sigríður Sveinsdóttir og Óli Þór Heiðarsson)
Guðjón Freyr Eiddsson, Jörundarholti 144.
(For.: Guðrún Helga Guðjónsdóttir og Eiður Ólafsson)
Heiðar Þór Lárusson, Vogabraut 36.
(For.: Valgerður Sveinbjörnsdóttir og Lárus Þór Ólafsson)
Helga Rós Gísladóttir, Eyrafliet 2.
(For.: Hafdis Helgadóttir og Gísli Jens Viborg Ómarsson)
Jón Björgvin Kristjánsson, Stíllholti 1.
(For.: Sigurveig Runólfssdóttir og Kristján Guðmundsson)
Jóna Kolbrún Einarsdóttir, Höfðabraut 14.
(For.: Hafdis Sigursteinsdóttir og Einar Jóhannesson)
Margrét Rán Magnúsdóttir, Vesturgötu 88.
(For.: Jóna G. Guðmundsdóttir og Magnús Valþórsson)

Telma Björk Helgadóttir, Esjuvöllum 24.
(For.: Lilja Þórðardóttir og Helgi Sigurðsson. Fósturf.: Bjarni Kristófersson)
Unnur Rebekka Þráinsdóttir, Jörundarholti 30.
(For.: María S. Sigurðardóttir og Þráinn E. Gíslason)

Sunnudagur 26. mars, kl. 14

Auðunn Björnsson, Krókatúni 3.
(For.: Bára Traustadóttir og Björn Elíson)
Ástrós Sveina Jóhannesdóttir, Vesturgötu 147.
(Fósturf.: Elínborg Lárusdóttir og Birgir Snæfeld Björnsson)
Baldur Ólafur Kjartansson, Reynigrund 24.
(For.: Jóhanna Baldursdóttir og Kjartan Arnórsson. Fósturf.: Rafn Svan Svansson)
Engilbert Svavarsson, Einigrund 14.
(For.: Hrönn Ásgeirsdóttir og Svavar Skarphéðinn Guðmundsson)
Hallur Flosason, Jörundarholti 232.
(For.: Katla Hallsdóttir og Flósi Einarsson)
Hildigunnur Einarsdóttir, Háholti 1.
(For.: Helga Jónsdóttir og Einar Ásgeirsson)
Hinrik Grétarsson, Hjarðarholti 5.
(For.: Sigrún Jónsdóttir og Grétar Jónsson)
Ingbór Kárason, Esjubraut 14.
(For.: Dallilja Sæmundsdóttir og Kári Jóhannsson)
Karólína Hrönn Hilmarsdóttir, Skagabraut 41.
(For.: Unnur Alexandra Sigurðardóttir og Hilmar Adólfsson. Fósturf.: Birgir Óli Sigmundsson)
Ólafur Jósef Ólafsson, Jaðarsbraut 7.
(For.: Steinunn Svanborg Gísladóttir og Ólafur Jósefsson)
Sigrún Rós Arnardóttir, Merkurteigi 8.
(For.: Guðlaug Adólfssdóttir og Örn Jónasson)
Sigurður Trausti Karvelsson, Skarðsbraut 2.
(For.: Hrefna Sigurðardóttir og Karvel Lindberg Karvelsson)
Sóley Bára Bergsteinsdóttir, Jörundarholti 140.
(For.: Klara Berglind Gunnarsdóttir og Bergsteinn Óskar Egilsson)
Valgerður Stefánsdóttir, Faxabraut 15.
(For.: Þórunn Úrsúla Steinarsdóttir og Stefán Jónsson)
Vigdís Ólafsdóttir, Jörundarholti 224.
(For.: Friðmey Barkar Barkardóttir og Ólafur Þórðarson)

Sunnudagur 2. apríl, kl. 10.30

Alda Björk Einarsdóttir, Sandabraut 13.
(For.: Hugufrún Sigurðardóttir og Einar Kristinn Gíslason. Fósturf.: Eyjólfur M. Eyjólfsson)
Árný Lára Sigurðardóttir, Grenigrund 1.
(For.: Svala Kristín Hreinsdóttir og Sigurður Arnar Sigurðsson)
Bjargmundur Einar Einarsson, Vesturgötu 139.
(For.: Erla Signý Lúðvíksdóttir og Einar Pétur Bjargmundsson)
Bragi Knútsson, Suðurgötu 97.
(For.: Guðrún Bragadóttir og Knútur K. Knútsson)

Hrafn Traustason, Dalsflöt 3.

(For.: Sigríður Ragnarsdóttir og Trausti Gylfason)

Ingibjörg Sara Guðmundsdóttir, Vesturgötu 113.

(For.: Kolbrún Benediktsdóttir og Guðmundur Benediktsson)

Jensína Kristinsdóttir, Garðabraut 18.

(For.: Kristbjörg Kjerúlf og Sig. Kristinn Helgason)

Jóhann Úlfar Thoroddsen, Sandabraut 16.

(For.: Kristjana Jóna Jóhannsdóttir og Bragi Þór Thoroddsen.

Fósturf.: Höskuldur Kristján Guðmundsson)

Jón Þór Hallgrímsson, Jörundarholti 103.

(For.: Ingibjörg Haraldsdóttir og Hallgrímur Sigurðsson)

Kolbeinn Helgi Kristjánsson, Hjarðarholti 14.

(For.: Mínerva Margrét Haraldsdóttir og Kristján Bjarnar

Þórarinnsson. Fósturf.: Sigþór Bogi Eiríksson)

Kristjana Kristjánsdóttir, Jörundarholti 2.

(For.: Ingibjörg Guðrún Sigurvaldadóttir og Kristján Heiðar Baldursson)

Sigurbjörn Hauksson, Einigrund 2.

(For.: Aðalbjörg Sigurðardóttir og Haukur Sigurbjörnsson)

Stefán Örn Guðmundsson, Háteigi 2.

(For.: Indína Unnarsdóttir og Guðmundur Matthíasson.

Fósturf.: Sigurður Már Gunnarsson)

Svanlaug Nína Sigurðardóttir, Skarðsbraut 1.

(For.: María Kristbjörg Ásmundsdóttir og Sigurður Ívar Leifsson)

Tómas Alexander Árnason, Jörundarholti 220.

(For.: Ingibjörg Magnea Valmundsdóttir og Árni Geir Sveinsson)

Þorsteinn Helgason, Ósi III.

(For.: Olga Magnúsdóttir og Helgi Ó. Þorsteinsson)

Sunnudagur 2. apríl, kl. 14

Andri Adolphsson, Leynisbraut 3.

(For.: Helga Björg Helgadóttir og Adolph Bergsson)

Birkir Olgeir Bjarkason, Jörundarholti 33.

(For.: Erla Sigurfljóð Olgeirsdóttir og Bjarki Jóhannesson)

Björn Markús Lúðvíksson, Brekkufliót 4.

(For.: Halldóra Guðríður Magnúsdóttir og Lúðvík Davíð Björnsson)

Elsa Sandra Axelsdóttir, New York, Bandaríkjunum.

(For.: Tammy Jean Emília Ganey og Axel Rúnar Pálmason)

Frans Jósef Ingólfsson, Höfðabraut 14.

(For.: María Teresía Jósefsdóttir og Ingólfur Guðbrandsson)

Inga Guðrún Gísladóttir, Smáraflöt 5.

(For.: Dagný Fjóra Guðmundsdóttir og Gísli Örn Gíslason)

Ingibjörn Sölvason, Garðabraut 13.

(For.: Birna Þóra Gunnarsdóttir og Guðmundur Sölvi Karlsson)

Kristjana Bjarnadóttir, Jörundarholti 43.

(For.: Steinunn Sigurðardóttir og Bjarni Vésteinsson)

Kristján Þórir Sigurgeirsson, Jörundarholti 102.

(For.: Guðbjörg Unnur Kristjánsdóttir og Sigurgeir Jóhann Aðalsteinsson)

Lea Hrund Guðjónsdóttir, Vogabraut 28.

(For.: Ragnhildur Inga Aðalsteinsdóttir og Guðjón Heiðar Guðmundsson)

Lýður Snær Skúlason, Suðurgötu 16.

(For.: Guðrún Ester Jónsdóttir og Skúli Hreinn Guðbjörnsson)

Unnur Kristín Jónsdóttir, Vesturgötu 160.

(For.: Guðný Friðbjófsdóttir og Jón Bergmann Unnarsson)

Sunnudagur 9. apríl, kl. 10.30

Alex Kári Kristjánsson, Einigrund 8.

(For.: Helga Sesselja Guðmundsdóttir og Kristján Þórir Einarsson)

Allan Freyr Vilhjálmsson, Reynigrund 9.

(For.: Þórhildur Björg Þórisd. og Vilhjálmur Elías Birgisson)

Alma Dögg Torfadóttir, Vesturgötu 142.

(For.: Ósk Jónsdóttir og Torfi Sigurjón Einarsson)

Arnór Ingi Jónasson, Garðabraut 31.

(For.: Edda Bára Vigfúsdóttir og Jónas Theodór Sigurgeirsson)

Aron Ingi Einarsson, Deildartúni 6.

(For.: Elísabet Linda Halldórsdóttir og Einar Ingi Kristinsson. Fósturf.: Eðvald Ingi Árnason)

Benedikt Einarsson, Vogabraut 20.

(For.: Brynhildur Benediktsdóttir og Einar Ármannsson. Fósturf.: Magnús Daníel Brandsson)

Bernódus Örn Karvelsson, Heiðarbraut 60.

(For.: Hildur Bernódusdóttir og Karvel Línal Hinriksson)

Bjarki Tómasson, Lerkigrund 4.

(For.: Guðbjörg Gunnarsdóttir og Tómas Kárasen)

Dagmar Tara Eðvaldsdóttir, Laugasel, 371 Búðardalur.

(For.: Anna Margrét Tómasdóttir og Eðvald Ingi Árnason. Fósturf.: Jörgen Nilsson)

Erla Karítas Pétursdóttir, Jörundarholti 113.

(For.: Gunnhildur Björnsdóttir og Pétur Sigurðsson)

Hlynur Gauti Inguson, Laufengi 15, 112 Reykjavík.

(Móðir: Inga Birna Sigurðardóttir. Fósturf.: Hermann Freyr Hafsteinsson)

Jóhann Bjarni Þorsteinsson, Vesturgötu 42.

(For.: Sigríður Gerða Bjarnadóttir og Þorsteinn Pétursson)

Móeiður Lárusdóttir, Viðigrund 17.

(For.: Móeiður Sigvaldadóttir og Lárus Vilhjálmsson)

Viðar Birkir Viðarsson, Steinsstaðflöt 25.

(For.: Ágústa Hafðís Sigurþórsdóttir og Viðar Gunnarsson)

Sunnudagur 9. apríl, kl. 14

Aðalbjörg Þorkeldsdóttir, Vogabraut 1.

(For.: Eydis Aðalbjörnsdóttir og Þorkell Logi Steinsson)

Amanda Ösp Kolbeinsdóttir, Reynigrund 32.

(For.: Gerður Guðjónsdóttir og Edward Roger Kolbeinn Andrússon. Fósturf.: Ásgrímur Gísli Ásgrímsson)

Ásta Gunnarsdóttir, Hjarðarholti 7.

(For.: Steina Ósk Gísladóttir og Gunnar Þór Jónsson)

Bjarki Þór Jóhannsson, Reynigrund 45.

(For.: Guðrún Eiríksdóttir og Jóhann Þór Sigurðsson)

Dagný Björk Egilsdóttir, Jörundarholti 35.

(For.: Borghildur Birgisdóttir og Egill Steinar Gíslason)

Halldór Reynisson, Jörundarholti 178.

(For.: Rún Halldórsdóttir og Reynir Þór Eyvindsson)

Mathias Bergmann Sóleyjarson, Höfðabraut 16.

(For.: Sóley Bergmann Kjartansdóttir og Curt Peter Mikael Angefur)

Ragnar Már Viktorsson, Suðurgötu 64.

(For.: Ragnheiður Dagný Ragnarsdóttir og Viktor Sigurgeirsson)

Ragnhildur Ýr Björnsdóttir, Garðabraut 18.

(For.: Rósbjörg Sigríður Stefánsdóttir og Björn Gottskálksson)

Rúnar Freyr Ágústsson, Garðabraut 7.

(For.: Guðríður Sigurjónsdóttir og Ágúst Grétar Ingimarsson)

Sædis Eva Óðinsdóttir, Grenigrund 37.

(For.: Helga Sigurðardóttir og Óðinn Þór Hallgrímsson)